

miklu, og fanst stúlkunni það heil eilífð, þótt það væri örstuttur tími. Loks bárust þeir að veggnum, þar sem stúlkan var, og hún heyrði, hve þungt Glenister var um andardráttinn, þar sem andskoti hans hélt um kverkar honum af öllum mætti. Hún var nær því örvita af ótta, þar sem hún hafði aldrei séð menn í slíkum hrikaleik. Á næstu mínútu mundi Glenister falla, — og þeir merja úr honum lífið með járnvörðu skónum. Henni hraus hugur við, að standa hjá aðgjörðalaus. Hræðslan hvarf. Vöðvarnir henar stæltust, og áður en hún vissi af var hún orðin hluttakandi í þessum hrikaleik.

Bak sjómannsins vissi að henni. Hún þreif í hár honum og læsti stál-stinnum fingrunum í augu honum. Nú heyrðist fyrsta veinið í bardaganum. Maðurinn rak upp skelfingar-ösku. Hinir hrukku jafn skyndilega frá. Brátt fann hún, að hönd var lögð á öxlina á henni, og kendi hún þá rödd Dextry's:

“Eruð þér meidd? Ekki það? Komið þér þá, annars missum við af skipinu”. Hann talaði stur rólega, en móður var hann ákaflega, og er hún leit í kringum sig, sá hún mótstöðumann Dextry's liggjandi þar rétt hjá eins og klesta köku.

“Það sakar ekki. Hann nær sér aftur. Eg gaf honum Japa-högg, er eg lærði einu sinni. Komið fljótt!”

Þau hlupu niður bryggjuna. Glenister fylgdist á hæla þeim — og stunur mótstöðumannanna, — það var lokið allri sókn af þeirra hálfu.

Um leið og þau klifu upp á borðstokk 'Santa